



VEITUR

**Leiðbeiningar fyrir
fagaðila**

NÝR
UMSÓKNARVEFUR
VEITNA

YFIRLIT

Nýr umsóknarvefur Veitna
Leiðbeiningar fyrir fagaðila



Nýr umsóknarvefur Veitna

Veitur hafa tekið í notkun nýjan umsóknarvef fyrir fagaðila sem einfaldar verkferla og bætir yfirsýn.

Allt ferlið fer fram á Mínum síðum með sjálfvirkum tilkynningum, sem dregur úr tvíverknaði og tryggir betra flæði upplýsinga.

Til að byrja með nær ferlið eingöngu til nýttenginga, en fleiri umsóknarform bætast við í næstu skrefum.



Hvað einfaldar nýji umsóknarvefurinn?

Með nýja umsóknarvefnum geta fagaðilar á einum stað:

- staðfest sig á verk
- yfirfarið og samþykkt eða hafnað verkum
- upplýst um fjölda og gerð mæla
- óskað eftir spennusetningu
- óskað eftir straumspennasettum

Lausnin kemur í stað eldri ferla og minnkar þörf á handvirkri gagnaöflun.



Ferlið í stuttu máli (ítarlegra yfirlit á næstu síðum)

1. Umsækjandi skráir fagaðila

Símanúmer fagaðila er skráð í umsókn.

Fagaðili fær SMS með beiðni um að skrá sig inn á Mínar síður.

2. Fagaðili staðfestir verkið

Fagaðili skráir sig inn, fer yfir samþykktarbeiðni og samþykkir eða hafnar verki.

3. Ósk um straumspennasett

Eftir samþykktir getur rafverktaki óskað eftir straumspennasettum á umsóknarvefnum þegar við á og fær tilkynningu þegar þau eru tilbúin.

4. Ósk um spennusetningu

Að lokinni framkvæmd fær rafverktaki tilkynningu og getur sótt um spennusetningu á umsóknarvefnum.



Einfalt og skýrt ferli

Færri reitir og minni handavinna



Sjálfvirkar tilkynningar

Allt á einum stað á Mínum síðum





Þegar umsækjandi skráir fagaðila er beðið um símanúmerið hans. Fagaðilinn fær þá SMS með beiðni um að fara inn á Mínar síður og samþykkja sig á verkið.

👉 Fagaðili gerir **ekkert** fyrr en hann fær SMS.




Innskráning sem fagaðili

Fagaðili skráir sig inn á Mínar síður með rafrænum skilríkjum.


Eftir innskráningu getur fagaðili valið að fara inná Mínar síður sem fagaðili með því að smella á viðeigandi hnapp.

Að því loknu skráir fagaðili tengiliðaupplýsingar og er síðan vísað beint á umsóknarvefinn þar sem fagaðili hefur yfirsýn yfir allar umsóknir til Veitna.



Á umsóknarvefnum eru eftirfarandi flokkar:

- Samþykktarbeiðnir
- Virk verk
- Ókláraðar umsóknir
- Eldri verk
- Stofna nýja umsókn





Rafverktaki



Samþykktarbeiðni rafverktaka

Þegar rafverktaki opnar samþykktarbeiðni birtist samþykktarsíða viðkomandi verks.

Áður en samþykki er veitt þarf að:

- Kynna sér skilmála Veitna með því að smella á „Lesi skilmála“.
- Haka við „Ég hef kynnt mér og samþykki skilmála Veitna“.
- Skrá athugasemd í reitinn „Annað sem þú vilt koma á framfæri“, ef við á.

Ef verk er samþykkt:

- Rafverktaki samþykkir verkið.
- Umsóknin verður virk og fer í áframhaldandi ferli hjá Veitum.

Ef verki er hafnað:

- Smellir á „Hafna“.
- Skrá þarf ástæðu höfnunar.
- Höfnun er staðfest með „Staðfesta höfnun“.



Ósk um straumspennasett



Rafverktaki fær SMS þegar sótt er um tengingu yfir 100 amper eða þegar Veitur meta þörf á straumspennasetti.

Rafverktaki skráir sig inn á Mínar síður, opnar viðkomandi verk í stöðuyfirliti og smellir á „Ósk um straumspennasett“.

Umsóknarform opnast.

Í forminu þarf að:

- Skrá fjölda straumspennusetta.
- Velja stærð straumspennusetts í amperum fyrir hvert sett.

Upplýsingar um staðsetningu, tengilið og verk fyllast sjálfkrafa út.

Aður en beiðni er send inn þarf að:

- Kynna sér skilmála Veitna með því að smella á „Lesu skilmála“.
- Haka við „Ég hef kynnt mér og samþykki skilmála Veitna“.

Til að ljúka ferlinu er smellt á „Samþykka“.

Engin frekari aðgerð er nauðsynleg af hálfu rafverktaka fyrr en tilkynning berst.



Veitur taka við beiðninni, útbúa straumspennusett og senda SMS þegar þau eru tilbúin til afhendingar, með upplýsingum um afhendingarstað.



Ósk um spennusetningu




Rafverktaki fær SMS þegar framkvæmd er lokið og hægt er að sækja um spennusetningu.

Rafverktaki skráir sig inn á Mínar síður, opnar viðkomandi verk undir „Beiðnir“ og smellir á „Ósk um spennusetningu“.

Umsóknarform opnast.

Í forminu þarf að:

- Skrá staðsetningu aðaltöflu.
- Velja heimtaug og varnarráðstöfun.
- Tilgreina fasa og mælastillingar.
- Merkja hvaða mæla á að spennusetja.
- Bæta við mælum ef þörf krefur.




Upplýsingar um staðsetningu, tengilið og verk fyllast sjálfkrafa út.

Aður en beiðni er send inn þarf að:

- Kynna sér skilmála Veitna með því að smella á „Lesi skilmála“.
- Haka við „Ég hef kynnt mér og samþykki skilmála Veitna“.

Til að ljúka ferlinu er smelt á „Samþykkja“.



Engin frekari aðgerð er nauðsynleg af hálfu rafverktaka fyrr en Veitur hafa samband til að samræma tíma til að spennusetja.

Nú þarf ekki lengur að senda inn eina beiðni fyrir hvern mæli. Hægt er að senda eina sameiginlega beiðni fyrir alla mæla í húsnæði.

Nú þarf ekki lengur að nota HMS þjónustubeiðnaform. Veitur senda nauðsynlegar upplýsingar áfram til HMS.

Nú þarf ekki lengur að fylla út upplýsingar um greiðendur orkumæla. Þær eru skráðar af umsækjanda.



Pípulagningameistari



Samþykktarbeiðni pípulagningameistara

The screenshot shows the Veitur app interface for a pipe laying technician. The main heading is 'Samþykktarsíða pípula Bræðraborgarsíður 16'. Below this, there are several sections: 'Kallt vatn' (Cold water) with a toggle switch, 'Hætt vatn' (Hot water) with a toggle switch, 'Staðsetning' (Location) with a dropdown menu, 'Tenging' (Connection) with a dropdown menu, 'Umsækjandi' (Applicant) with a dropdown menu, 'Tengiliður' (Contact person) with a dropdown menu, 'Greiddi umsóknir' (Submitted application) with a dropdown menu, 'Pípulagning' (Pipe laying) with a dropdown menu, and 'Hafna' (Accept) with a button. The bottom of the screen shows a 'Samþykkt' (Accepted) button and a 'Hafna' (Accept) button.

Þegar pípulagningameistari opnar samþykktarbeiðni birtist samþykktarsíða viðkomandi verks.

Áður en samþykki er veitt þarf að:

- Fylla út viðeigandi upplýsingar um fjölda mæla og notkun þeirra.
- Kynna sér skilmála Veitna með því að smella á „Lesa skilmála“.
- Haka við „Ég hef kynnt mér og samþykki skilmála Veitna“.
- Skrá athugasemd í reitinn „Annað sem þú vilt koma á framfæri“, ef við á.

Ef verk er samþykkt:

- Pípulagningameistari samþykkir verkið.
- Umsóknin verður virk og fer í áframhaldandi ferli hjá Veitum.

Ef verki er hafnað:

- Smelltt er á „Hafna“.
- Skrá þarf ástæðu höfnunar.
- Höfnun er staðfest með „Staðfesta höfnun“.

The screenshot shows the 'Hafna verki' (Accept work) form. It has a title 'Hafna verki' and a subtitle 'Vinsamlegast tilgreindu ástæður þess að þú hafnar verkinu áður en þú staðfestir.' Below this is a text input field labeled 'Skrá ástæðu höfnunar'. At the bottom is a button labeled 'Staðfesta höfnun'.